

Nd.

75. Nefndarálit

[40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er borið fram sem stjórnarfrv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er nauðsynlegt þótti að gefa út, vegna þess að ekki var lokið aðalniðurlögum í Ólafsvíkurbænum á árinu 1959, svo sem lög mæla fyrir um, en hreppnum hins vegar nauðsynlegt að leggja útsvar á tekjur gjaldenda frá árinu 1958. Til þess þurfti heimild ráðherra, en slík undanþága er ekki heimiluð í útsvars- lögum. Með því að samþykkja frv. óbreytt er heimild til slíkrar undanþágu gerð almenn, og telur nefndin ekki rétt að lögfesta slíkt ákvæði, hitt sé eðlilegra, að binda heimildina við það, að unnt sé fyrir Ólafsvíkurbænum að bæta úr þessum einstæðu mistökum, og leyfa honum álagningu útsvara fyrir febrúarlok n. k. á tekjur þær, sem bar að leggja á á árinu 1959.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við ákvæði til bráðabirgða í lögum bætist ný málsgrein, er orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 21. gr. laganna getur ráðherra heimilað Ólafsvíkurbænum að framkvæma fyrir febrúarlok 1960 aðalniðurlög útsvara, sem fram átti að fara árið 1959.

Alþingi, 29. jan. 1960.

Gísli Jónsson, Birgir Finnsson, Jón Skaftason.
form., frsm. fundaskr.
Guðl. Gíslason. Hannibal Valdimarsson.